



Ólafur Ragnar Grímsson. Forsetinn hefur enn ekki þurft að úthluta umboði til stjórnarmyndunar.

# ÓLAFUR RAGNAR Í ELDLÍNUNNI

Eflir Guðna Th. Jóhannesson Myndir: Úr safni Birtings og 365

**V**erður Ólafur Ragnar Grímsson mesti áhrifavaldur íslenskra stjórn mála næstu daga og vikur? Missi ríkisstjórnarflokkarnir tveir meirihluta sinn á þingi eftir kosningarnar 12. maí – eða þeir ákveði að slíta samstarfinu þótt þeir nái nægu fylgi – þarf forsætisráðherra að biðjast lausnar fyrir ráðuneyti sitt. Og þá kæmi til kasta forseta Íslands. Ólafur Ragnar Grímsson hefði í höndum sér að stýra stjórnarmyndunarviðræðum. Svo gæti farið að hann yrði að velja handhafa stjórnarmyndunarumboðs og það gæti skipt sköpum um það hver verður næsti forsætisráðherra landsins.

Í stjórnskipan Íslands er gert ráð fyrir afskiptum forsetans af stjórnarmyndun. Þurfi að mynda nýja stjórn að loknum kosningum ber forseta að ræða við leiðtoga stjórn mála flokkanna og kanna hug þeirra til stjórnarmyndunar. Forseta er síðan í sjálfvald sett hvort hann veitir einum þeirra strax umboð sitt til þess að reyna að koma saman nýrri ríkisstjórn

eða biður með það um stund. Handhafi stjórnarmyndunarumboðs þarf svo alls ekki að vera leiðtogi þess flokks sem mest fylgi hlaut í kosningunum (nema hann hafi hlotið hreinan meirihluta en það hefur aldrei gerst á lýðveldistíma) heldur frekar sá sem telst sigurvegari kosninganna, sá sem mest vann á eða þykir líklegastur til að takast ætlunarverkið. Um þetta skrifuðu færustu lögspekingar landsins á sinni tíð, menn eins og Ólafur Jóhannesson og Bjarni Benediktsson.

## Utanþingsstjórn Sveins Björnssonar

Forverar Ólafs Ragnars Grímssonar stóðu hver að stjórnarmyndun með sínum hætti. Sveinn Björnsson varð ríkisstjóri í seinna stríði þegar Ísland laut enn Danakonungi að formi til og batt þá enda á langa stjórnarkreppu með því að mynda utanþingsstjórn embættismanna, hina einu sem hefur setið í landinu. Sveinn hélt uppteknum hætti þegar hann varð fyrsti forseti lýðveldisins og var kominn á fremsta hlunn með að skipa

slíka stjórn á nýjan leik. Því var afstýrt en Sveinn Björnsson áleit greinilega að forseta bæri að skipta sér af því hvernig stjórn sæti í landinu.

Ásgeir Ásgeirsson, sem varð forseti árið 1952, var sama sinnis. Hann vildi halda sósíalísum utan stjórnar og helst framsóknarmönnum líka. Það tókst þegar minnihlutastjórn Alþýðuflokks var mynduð árið 1958. Þá hefði Ásgeir frekar skipað utanþingsstjórn en veita framsóknarmanninum Hermanni Jónassyni umboð til stjórnarmyndunar, jafnvel þótt hann væri þá formaður næststærsta flokksins á þingi. Ári síðar komst viðreisnarstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks til valda og Ásgeir hrósaði fullum sigri.

## Umboðið til sigurvegara

Kristján Eldjárn var kjörinn forseti árið 1968 og braut blað í sögu forsetaembættisins því hann átti sér ætíð það markmið að skipta sér sem minnst af gangi stjórn mála. Hitt varð þó ekki umflúið að hann varð að láta til sín taka þótt honum væri það þvert um geð, einkum árin 1978-80 þeg-

ar heita má að samfelld stjórnarkreppa hafi geisað í landinu. Kristján taldi réttast að formenn allra stjórn mála flokka fengju að reyna að mynda stjórn ef á þyrfti að halda og gekk því á röðina. Fyrst afhenti hann sigurvegara kosninga umboð til stjórnarmyndunar (og var ekki endilega einhugur um hver það væri), síðan þeim næsta og svo koll af kolli. En hvorki gekk né rak og í tvingang lét Kristján í veðri vaka að hann myndi skipa utanþingsstjórn. Í fyrra skiptið varð úr að alþýðuflokksmenn settust í minnihlutastjórn en í það seinna urðu þau einsdæmi að Gunnar Thoroddsen, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, tók til sinna ráða og myndaði ríkisstjórn með Framsóknarflokki og Alþýðubandalagi, auk nokkurra samflokksmanna sinna.

Forseti varpaði þá öndinni léttar en skrifaði um leið í dagbók sína: „Mér er farið að finnast þetta vera dálítið skrytín situasjon, þetta leikstjórahlutverk forsetans þar sem hann leggur eiginlega ekkert aktívt til, reynir bara að gera rétt, að halda jafnvægi milli flokk-

anna, að allir fái það sem þeim ber, og það er nú kannski hans hlutverk, en mér finnst að það gæti nú vel komið til mála að blátt áfram stinga upp á einhverju munstri við menn, og þar með að styrkja þá móralskt.“

**Vigdís fylgdi fordæminu**

Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti sumarið 1980 og fylgdi fordæmi Kristjáns Eldjárns. Hún afhenti þeim flokksleiðtoga, sem taldist sigurvegari kosninga, umboð til stjórnarmyndunar og síðan öðrum flokksformönnum ef nauðsyn krafði. Vigdís fylgdist með gangi stjórnarmyndunarviðræðna og þreifingum á bak við tjöldin, rétt eins og Kristján hafði gert, en reyndi ekki að ráða því hvernig stjórn yrði að lokum til.

Eftir kosningarnar 1987 varð ein lengsta stjórnarkreppa lýðveldissögunnar hingað til. Þá virtist fokið í flest skjól og Vigdís Finnbogadóttir fjaðri að því við stjórnmalaleiðtoga að nú væri „kominn tími til að við sjáum til lands“, eins og hún lýsti síðar. Hefði það ekki gerst hefði forseti þurft að skipa utanþingsstjórn en svo fór að lokum að Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur og Alþýðuflokkur mynduðu stjórn sem reyndar varð skammlíf.

Við næstu þingkosningar, árið 1991, urðu tímamót. Davíð Oddsson og Jón Baldvin Hannibalsson sömdu um samstjórn sjálfstæðismanna og alþýðuflokksmanna á met tíma úti í Viðey. Aðeins vika leið frá því að fráfarandi stjórn baðst lausnar uns fyrsta ráðuneyti Davíðs komst til valda. Þetta met var svo slegið eftir kosningarnar fjórum árum síðar þegar Davíð Oddsson baðst lausnar fyrir „Viðeyjarstjórnina“ og ríkisstjórn núverandi stjórnarflokka tók við, fimm dögum síðar.

Þetta var í síðasta sinn sem stjórnarskipti urðu hér á landi. Atburðarásin þá gæti gefið til kynna hvaða refsakák er í vændum á næstunni – eða er þegar hafin. Vorið 1995 fannst sjálfstæðismönnum sem kratar hefðu sótt hart að þeim í kosningabaráttunni og úrslit urðu svo á þann veg að flokkar þeirra höfðu aðeins eins manns meirihluta á þingi. Björn Bjarnason fékk því (eins

og hann rakti í grein í síðasta hefti Þjóðmála) leyfi Davíðs Oddssonar til þess að ræða við Guðmund Bjarnason, varaformann Framsóknarflokksins, um hugsanlegt stjórnarsamstarf. Á sama tíma hugleiddu framsóknarmenn undir forystu formannsins, Halldórs Ásgrímssonar, þó þann kost að setjast í vinstri stjórn með Alþýðuflokki og Alþýðubandalagi, auk Kvinnalistans og/eða Þjóðvaka, nýs flokks Jóhönnu Sigurðardóttur.

**Mistök Jóns Baldvins**

Hvort heillaði framsóknarmenn frekar? Þegar leiðtogar þeirra veltu vöngum yfir því þurfti Jón Baldvin Hanni-

balsson utanríkisráðherra að sinna tignum gesti að utan. Hann var „á snjóleða uppi á fjöllum með kínverska utanríkisráðherranum“, eins og hann tjáði greinarhöfundu við gerð þessarar greinar. „Eftir á að hyggja gerði ég mistök þarna“, sagði Jón Baldvin enn fremur. „Ég hefði átt að slíta stjórnarsamstarfinu degi eftir kosningar, vísa á leiðtoga stjórnarandstöðunnar, Halldór Ásgrímsson, og mæla með því að hann fengi stjórnarmyndunarumboð. Ég hef reyndar ekki trú á að það hefði breytt neinu um niðurstöðuna.“ Það hefði þó breytt atburðarásinni og gert veg forsetans meiri í henni.

Svo fór að Framsókn hallaði sér til hægri frekar en vinstri og hefur gert það síðan. Þreifingar sem áður hefðu staðið vikum saman og væntanlega falið í sér að forseti hefði afhent stjórnarmyndunarumboð sitt fleiri en einum og fleiri en tveimur tóku aðeins örfáa daga og forseti kom hvergi nærri. Reyndar veitt Vigdís Finnbogadóttir Davíð Oddssyni stjórnarmyndunarumboð árin 1991 og 1995, eins og venja og hefðir kváðu á um, er það var einungis formsatriði þegar samkomulag um nýja stjórn lá fyrir.

# RÍKISSTJÓRNIN RAMBAR

Eftir Ásmund Helgason Ljósmyndir: Úr safni 365 og Birtings

**M**annlíf birtir nú síðustu fylgiskönnun sína fyrir kosningar. Könnunin var framkvæmd dagana 20.-23. apríl og að þessu sinni svöruðu 3.505 kjósendur spurningunni um hvað þeir myndu kjósa, og 69,4% tóku afstöðu. Niðurstöðurnar á landsvisu eru þær að Sjálfstæðisflokkur bætir við sig og mælist nú með 36 prósentu fylgi. Framsókn eykur einnig fylgið örlítið og fer í 10,2 prósent. Frjálslyndir hreyfast lítið og eru með 5,8 prósent. Samfylking hækkar í 23,4 prósent og VG lækkar í 17,9 prósent. Íslandshreyfingin og Baráttusamtökin ná ekki 5 prósentu markinu sem þýðir að þeir flokkar ná ekki inn manni í jöfnunarsæti. Íslandshreyfingin mælist með 4,6 prósent og vantar lítið upp á en Baráttusamtökin fá aðeins 2,1 prósentu fylgi og verða því utan þings.

Í könnun Mannlífs er tekið tillit til kyns, aldurs og búsetu svarenda og þau atriði vigtuð til samræmis við upplýsingar Hagstofunnar um dreifingu íbúa um áramótin síðustu. Þó svo að enn ríki óvissa um úthlutun þingsæta er óvissan mest þegar kemur að úthlutun jöfnunarsæta. Örlítil fylgissveifla í einu kjördæmi getur breytt heildarmyndinni og þar með hvaða frambjóðendur fara inn á þing. Ákaflega lítið þarf til þess að jöfnunarsæti fara á milli flokka og kjördæma. Þannig munar afar litlu að Sjálfstæðisflokkur fái síðasta jöfnunarsætið á kostnað Frjálslyndra

og þar með að stjórnin haldi velli. En ríkisstjórnin rambar og segja má að úrslit kosninganna ráðist af úthlutun jöfnunarsætanna.

Norðvestur	Þingsæti	Jöfnunarsæti
D 18,6%	2	
B 18,7%	2	
F 9,3%		1
S 21,3%	2	
V 24,4%	2	
A 2,4%		
I 5,2%		
Alls	8	1

212 kjósendur tóku afstöðu

**Guðjón A. endurtekur leikinn**

Jón Bjarnason er greinilega á heimavelli. VG mælist með mesta fylgið sem skilar þó einungis 2 þingmönnum. Sjálfstæðisflokkur fær tvo menn og þar með er Ein- ar Oddur Kristjánsson úti. Samfylking fær tvo menn og Framsóknarflokkur sömuleiðis. Hér rís fylgi Framsóknar hæst af öllum kjördæmunum. Jöfnunarsæti kjördæmisins fer hins vegar til Frjálslyndra. Guðjón Arnar skilar 9,3 prósentu fylgi sem lyftir landsfylginu yfir 5 prósentu lágmarkið sem nægir til að fá úthlutað jöfnunarsæti. Þar með sleppur hann inn á þing. En utangarðs lendir Kristinn H. Gunnarsson.

Norðaustur	Þingsæti	Jöfnunarsæti
D 32,1%	3	
B 17,4%	2	
F 4,5%		
S 16,6%	2	
V 23,1%	2	1
A 3,5%		
I 2,9%		
Alls	9	1

319 kjósendur tóku afstöðu

**Kristján Þór sterkur**

Sjálfstæðismenn styrkjast en og eru með 3 þingmenn. Valgerðu Sverrisdóttir er að verða örugg inr og tekur nú með sér Birki Jón Jónsson. VG er með næstmesta fylgi en það skilar þó aðeins tveimur þingmönnum, en sá þriðji nær þinn á jöfnunarsæti kjördæmisins: Kristján Möller er að laga stöðun frá því í síðustu könnun og nú far tveir þingmenn inn fyrir Samfylkinguna.

Suður	Þingsæti	Jöfnunarsæti
D 37,7%	4	
B 11,5%	1	
F 6,6%		1
S 23,8%	3	
V 14,7%	1	
A 1,2%		
I 4,5%		
Alls	9	1

**Vinstri grænir dala**

Sjálfstæðismenn eru með fjórum þingmönnum í Suðurkjördæmi. Árni Mathiesen og Árni Johnse fljúga þannig inn á þing en Guðni Ágústsson nær hins vegar ekki að taka Bjarna Harðarson með sig inn fyrir Framsókn. Björgvin (Sigurðsson, Lúðvík Bergvinsson og Róbert Marshall ná inn fyrir Samfylkinguna. Vinstri grænir nú aðeins eitt sæti og Frjálslyndir fá jöfnunarsætið og þar með Grétar Mar Jónsson kominn inn.




hall-  
r en  
að  
r  
að-  
kom  
veitti

1, en  
triði  
nýja

enn  
rður  
inni  
óns-  
lgið  
mur  
r þó  
sins.  
una  
fara  
ylk-

349 kjósendur tóku afstöðu

óra  
mi.  
sen  
þni  
að  
sér  
G.  
on  
rir  
fá  
id-  
er



- Sjálfstæðisflokkurinn
- Framsóknarflokkurinn
- Frjálslyndi flokkurinn
- Samfylkingin
- Vinstri grænir

Suðvestur	Þingsæti	Jöfnunarsæti
D 42,7%	6	
B 7,6%		1
F 4,1%		
S 25,4%	3	
V 14,6%	1	1
A 1,3%		
I 4,3%		
Alls	10	2

544 kjósendur tóku afstöðu

**Heimavígi Sjálfstæðisflokksins**

Kraginn er sterkasta vígi Sjálfstæðisflokks. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Bjarni Benediktsson, Ármann Kr. Ólafsson, Jón Gunnarsson, Ragnheiður Elín Árnadóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir eru öll inni. Siv Friðleifsdóttir á við ramman reip að draga en nær inn á jöfnunarsæti. Samfylking er hér sterk og nær inn þremur þingmönnum, þeim Gunnari Svavarsyni, Katrínu Júlí-

usdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur, sem var ekki inni í síðustu könnun. Vinstri grænir dala hér og fá einn inn en bæta sér upp missinn með jöfnunarsæti, og þar með er Guðfríður Lilja á þingi.

R-Norður	Þingsæti	Jöfnunarsæti
D 35,2%	4	
B 7,3%		1
F 6,8%		1
S 26,0%	3	
V 17,5%	2	
A 1,9%		
I 5,3%		
Alls	9	2

505 kjósendur tóku afstöðu

**Formaður á jöfnunarsæti**

Jón Sigurðsson, formaður Framsóknar, nær ekki inn á kjördæmasæti en fer inn sem jöfnunarþingmaður. Guðlaugur Þór leiðir Sjálfstæðisflokk (37,6%) til

fjögurra þingsæta og er Sigurður Kári þeirra síðastur inn á þing. Samfylking nær þremur mönnum, þeim Össuri, Jóhönnu og Helga Hjörvar. VG fær tvo menn kjörna þau Katrínu Jakobs og Árna Þór. Seinna jöfnunarsæti kjördæmisins fellur í hlut Frjálslyndra og þar með er Magnús Þór kominn inn á þing.

R-Suður	Þingsæti	Jöfnunarsæti
D 37,8%	4	1
B 6,2%		
F 5,4%		1
S 23,8%	3	
V 18,5%	2	
A 2,8%		
I 5,4%		
Alls	9	2


504 kjósendur tóku afstöðu

**Jón Magnússon á þing á ný**

Sjálfstæðisflokkurinn nær fjórum kjördæmasætum og einu jöfnunarsæti í Reykjavík suður. Þar með er Birgir Ármanns inni. Hér eru línurnar skýrar og aðeins Samfylking og VG ná líka inn kjördæmakjörnum mönnum. Samfylking fær þrjá, þau Ingibjörgu Sólrúnu, Ágúst Ólaf og Ástu Ragnheiði og Kolbrún Halldórs og Álfheiður Ingadóttir fara inn fyrir Vinstri græna. Hitt jöfnunarsætið fer til Frjálslyndra og Jón Magnússon kemst þar með á þing á ný þrátt fyrir aðeins 5,4% fylgi í kjördæminu.

3.505 kjósendur tóku þátt í könnuninni og þar af tóku 2.433 þeirra afstöðu til spurningarinnar, eða 69,4%.

**Fylgiskönnun Mannlífs**





SVEINN BJÖRNSSON Batt á sínum tíma enda á langa stjórnarkreppu með því að mynda utanþingsstjórn embættismanna. ÁSGEIR ÁSGEIRSSON Vildi halda sósíalísum utan stjórnar og helst framsóknarmönnum líka. KRISTJÁN ELDJÁRN Hafði það markmið að skipta sér sem minnst af stjórnarmyndunum en þegar á hólminn kom lét hann sigurvegarann hafa umboðið, og svo aðra flokksleiðtoga ef á þurfti að halda. VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR Fylgdi fordæmi forvera síns og úthlutaði sigurvegaranum umboði til myndunar stjórnar. GUNNAR THORODDSEN Myndaði ríkisstjórn með Framsóknarflokki og Alþýðubandalagi þegar forsetinn lét í það skína að utanþingsstjórn vofði yfir.

### Engin afskipti Ólafs Ragnars

Nýir tímar virtust hafa runnið upp og á því varð ekki breyting þegar Ólafur Ragnar Grímsson varð forseti árið 1996. Þvert á móti hefur atbeina hans aldrei verið þörf. Davíð Oddsson var forsætisráðherra við þær þingkosningar sem þegar hafa verið í forsetatíð Ólafs Ragnars, 1999 og 2003, og hafði auðvitað engan áhuga á því að gefa einum svarnasta andstæðingi sínum í stjórn málium færi á að koma að stjórnarmyndun í landinu. Stjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sat áfram eftir þessar tvennar kosningar og leiðtogar þeirra þau árin, þeir Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson, hafa

lýst því álitu sínu að forseti eigi að halda sig til hlés og láta leiðtoga stjórnarmálaflokkanna um að mynda ríkisstjórnir. Vænta má að Geir H. Haarde og Jón Sigurðsson séu sammála forverum sínum á formannsstóli í Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki. Hvað með forsetann sjálfan?

Rétt fyrir forsetakosningar 1996 sagði Ólafur Ragnar Grímsson þetta um stöðu þjóðhöfðingjans við stjórnarmyndunir: „Blessunarlega hefur orðið sú breyting að forystumönnum flokkakerfisins á Íslandi hefur smátt og smátt lærst að mynda ríkisstjórnir. ... Það tel ég hið æskilega, að forystumenn flokkanna á vettvangi Alþingis annist sjálfir

það verk að finna flöt til stjórnarmyndunar.“

Svo leið og beið og forseti sat í friði á Bessastöðum þótt kosið væri til þings. En kannski hann sjái nú fyrir sér annasama daga um og upp úr 12. maí 2007. Fyrir nokkrum vikum ræddi Egill Helgason um stjórnarmyndunir við Ólaf Ragnar Grímsson. „Einhvern veginn hef ég á tilfinningunni að það væri svona fascinerandi viðfangsefni fyrir þig að fá að véla soldið um stjórnarmyndun,“ sagði Egill. Forseti hló þá við. „Vissulega gæti það gerst,“ svaraði hann svo en ítrekaði það sem hann hafði minnst á árið 1996, að það væri stjórnarmálanna að mynda stjórn, ekki forsetans. Auðvitað gæti

þó brugðið til beggja vona og Ólafur Ragnar Grímsson klykkti út með þessum orðum: „Ég ... mun auðvitað sinna mínum stjórnskipulegu skyldum ef úrslit kosninganna verða á þann veg að aðkoma forsetans sé nauðsynleg.“

Það verður því spennandi að sjá hvað gerist. Þótt sagt hafi verið að sagnfræðingar ættu ekki að reyna að spá fyrir um framtíðina því þeim gangi nógu illa að spá í það liðna verður að lokum vakið máls hér á nokkrum valkostum sem forseti Íslands stendur frammi fyrir, verði úrslit kosninganna í samræmi við þá skoðanakönnun sem birt er hér í blaðinu. ■

## Valkostir forsetans

Skoðanakönnun Mannlífs gefur til kynna að ríkisstjórnin missi þingmeirihluta sinn. Sjálfstæðismenn og vinstri grænir vinna á en aðrir tapa. Þegar Geir H. Haarde biðst lausnar fyrir ráðuneyti sitt gæti forseti hiklaust lýst yfir að hann vonist til þess að stjórnarmála leiðtoga ræði saman um mögulegt stjórnarsamstarf án þess að hann veiti einum þeirra umboð til þess. En leiði slíkar þreifingar ekki til neins innan nokkurra daga má teljast eðlilegt að forseti leiti til sigurvegara kosninganna og afhendi honum formlegt umboð til stjórnarmyndunar. Slíkt væri að minnsta kosti í anda þeirra hefða sem við búum við.

En hver ætti handhafinn að vera? Sé áfram miðað við niðurstöður skoðanakönnunarinnar verður Sjálfstæðisflokkur stærsti flokkur á þingi og bætur við sig þremur þingmönnum. Geir H. Haarde mætti því njóta forgangs, formaður langstærsta flokksins og sitjandi forsætisráðherra. Á hinn bóginn er fylgisaukning Vinstri grænna sýnu meiri hlutfallslega og þingmenn þeirra verða nær þrefalt fleiri en áður samkvæmt könnuninni. Árið 1971 fengu hin nýju Samtök frjálslyndra og vinstri manna fimm þingmenn og í krafti þess kosningasigurs vildi leiðtogi þeirra, Hannibal Valdimarsson, fá umboð forseta fyrstur manna. Gæti Steingrímur J. Sigfússon vísað til slíks fordæmis? Bæði Kristján Eldjárn og Vigdís Finnbogadóttir veittu formanni Alþýðubandalagsins umboð til stjórnarmyndunar á sinni tíð og sátu harðri gagnrýni Morgunblaðsins og margra í forystusveit Sjálfstæðisflokksins. Væntanlega myndi Ólafur Ragnar Grímsson þó ekki láta slíkar skammir aftra sér ...

Kæmi jafnvel til greina að veita Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur umboðið fyrst? Í lýðveldissögunni hefur formaður næststærsta flokksins á þingi nær jafnoft fengið að spreya sig fyrst við stjórnarmyndun og leiðtogi stærsta flokksins. Yrði Ingibjörg Sólrún fyrir valinu væri hugsunin líklega sú að hún hefði verið formaður stærsta stjórnarandstöðuflokksins, sem væri enn næststærstur á þingi. Hún ætti því rétt á að leiða víðræður um nýja stjórn fyrst sú gamla væri fallin. Árið 1978 unnu Alþýðu-

flokkur og Alþýðubandalag góða sigra og fengu nær jafnmikið fylgi – en vantaði þrjá þingmenn til að ná meirihluta á þingi. Kristján Eldjárn beið þá með að veita leiðtoga annars hvors flokksins umboð til stjórnarmyndunar til að ala ekki á torþryggi og öfund milli liðsmanna þeirra – sem var næg fyrir. Síðan varð kratinn Benedikt Gröndal fyrir valinu.

Vel má vera að fyrstu tilraunir til stjórnarmyndunar mistakist, hvort sem það verður eftir að forseti hefur veitt einum leiðtoga stjórnarmyndunarumboð eður ei. Reyndar er líklegt að flokksleiðtoga þurfi að reyna ákveðin stjórnarform – og allt eins með hálfum huga – áður en þeir geta sagt félögum sínum að nú hafi sá valkostur verið þrautreyndur og leita verði annarra leiða. Þetta kom fyrir í forsetatíð Kristjáns Eldjárn og Vigdísar Finnbogadóttur og gæti til dæmis gilt nú um samstarf Samfylkingar eða Vinstri grænna með Sjálfstæðisflokki. Reyndar virðast ýmsir álitgjafar einmitt telja líklegt að Samfylking og Sjálfstæðisflokkur nái saman en ekki fyrr en eftir málamyndaviðræður um aðra kosti. Sögur hafa líka gengið um könnunarviðræður milli forystusveitar Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna.

Er svo hugsanlegt að stjórnarmyndun dragist á langinn? Að Geir H. Haarde takist t.d. ekki að mynda stjórn í fyrstu atrennu og Steingrími J. eða Ingibjörgu Sólrúnu ekki heldur í þeirri næstu? Stjórnarkreppa upp á gamla móðinn verður að teljast ólíkleg en alls ekki útilokud. „Það er ... hugsanlegt að stjórnarmyndunir standi fram á sumar,“ skrifaði Egill Helgason nýlega og Birgir Hermannsson stjórnarmálafræðingur hefur sagt það heldur líklegt, „að erfitt eða jafnvel ómögulegt verði að mynda ríkisstjórn. Minnihlutastjórn eða utanþingsstjórn gæti þá orðið lendingin.“ Fari svo óhögdulega er forsetinn vitaskuld reiðubúinn að gegna skyldum sínum í þeim efnum. Hér verður þó ekki fallið í þá freistni að velta vöngum yfir hugsanlegum ráðherrum í utanþingsstjórn Ólafs Ragnars Grímssonar.